

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 12. apríl 2021

Mál nr. E-274/2020:

**L1076 ehf.**

*(Birgir Már Björnsson lögmaður)*

**gegn**

**Stofnfiski hf.**

*(Þórir Júlíusson lögmaður)*

## Dómur

Mál þetta, sem var höfðað 13. janúar 2020, var dómtekið 16. mars 2021. Stefnandi er L1076 ehf., Borgartúni 26, Reykjavík. Stefndi er Stofnfiskur hf., Staðarbergi 2-4, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda í stefnu málsins eru þær að ógilt verði ákvörðun hluthafafundar í Stofnfiski hf., dags. 14. október 2019, um að samþykkja að Stofnfiskur hf. takist á hendur samningsskuldbindingar gagnvart Nordic Trustee AS samkvæmt samkomulagi milli lánveitenda, dags. 20. júní 2019, ódagsettum skuldaaðildarsamningi, tryggingarbréfi (veðsamningi), dags. 19. september 2019, og ábyrgðarsamningi, dags. 5. ágúst 2019. Einnig er gerð krafa um málskostnað úr hendi stefnda.

Stefnandi höfðaði framhaldssök þar sem þess er krafist að ógilt verði ákvörðun hluthafafundar í stefnda, Stofnfiski hf., dags. 29. janúar 2020, um að samþykkja að Stofnfiskur hf. takist á hendur samningsskuldbindingar gagnvart Nordic Trustee AS samkvæmt samkomulagi milli lánveitenda, dags. 20. júní 2019, ódagsettum skuldaaðildarsamningi, tryggingarbréfi (veðsamningi), dags. 19. september 2019, og ábyrgðarsamningi, dags. 5. ágúst 2019. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda. Þess er krafist að framhaldssökin verði sameinuð aðalsökinni og verði hluti af aðalkröfu.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru því þær að ógiltar verði ákvarðanir hluthafafunda í stefnda, dags. 14. október 2019 og 29. janúar 2020, um að samþykkja að Stofnfiskur hf. takist á hendur samningsskuldbindingar gagnvart Nordic Trustee AS samkvæmt samkomulagi milli lánveitenda, dags. 20. júní 2019, ódagsettum skuldaaðildarsamningi, tryggingarbréfi (veðsamningi), dags. 19. september 2019, og ábyrgðarsamningi, dags. 5. ágúst 2019. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda. Þá er gerð krafa um málskostnað.

## I.

Málsatvik eru þau að stefndi er íslenskt hlutafélag sem starfar á sviði fiskræktunar. Í nóvember árið 2014 keypti Benchmark Holdings Plc. 89,48% hlut í stefnda en stefnandi var þá eigandi að 10,47% hluta í félaginu. Stefndi hefur frá þeim tíma verið dótturfélag innan Benchmark-samstæðunnar en samstæðan hefur haft starfsemi á Íslandi, í Noregi og Chile. Benchmark Holdings Plc. hefur í krafti eignarhalds síns skipað alla stjórnarmenn stefnda allt frá kaupum sínum á hlut í félaginu og stefnandi frá sama tíma verið minnihlutahluthafi í félaginu með engin stjórnunarleg ítök eða yfirráð.

Stefndi kveður að skömmu áður en Benchmark Holdings Plc. eignaðist hluti sína í stefnda hafi stefnandi reynt að eignast allt hlutafé í stefnda. Stefndi hafi lagt fram tilboð sitt á fundi þar sem hafi átt að kynna tilboð Benchmark Holdings Plc. til allra hluthafa félagsins. Aðeins einn hluthafi hafi tekið þessu tilboði stefnanda sem hafi leitt til þess að kaup stefnanda hafi orðið allt annars eðlis en stefnandi hafi upphaflega gert ráð fyrir. Í stað þess að eignast allt hlutafé í stefnda hafi stefnandi aðeins eignast minnihluta. Telur stefndi að þetta sé undirliggjandi ástæða þess að stefnandi hafi höfðað þetta mál. Stefndi reyni nú að skapa ágreining til að knýja fram kaup á hlut sínum í félaginu.

Innan samstæðu Benchmark Holdings Plc. eru margvísleg félög. Stefndi segir að það sé grundvallarhugmyndafræði Benchmark Holdings Plc. að samnýta styrkleika þessara félaga til hagsbóta fyrir félögin sjálf og hagsmunaaðila þeirra. Eitt dæmi um þetta sé að samhliða kaupum á 89,48% af útgefnu hlutafé í stefnda hafi Benchmark Holdings Plc. keypt allt útgefið hlutafé í norska félaginu SalmoBreed og eignast þannig bæði annað og þriðja öflugasta félagið á alþjóðlegum markaði fyrir sölu hrognna. Benchmark Holdings Plc. hafi unnið meðal annars með SalmoBreed og stefnda að því að þróa og búa til mun betra markaðs- og söludreifingarkerfi innan Benchmark-samstæðunnar sem nýtist dótturfélögum þess og stækka þannig þá markaði sem dótturfélög, eins og stefndi, geti sótt á. Þetta hafi borið árangur. Þannig hafi velta stefnda árið 2014 verið tæpir 1,4 milljarðar króna og hagnaður félagsins tæpar 124 milljónir króna. Vöxtur félagsins hafi verið mikill síðan og félagið velt tæpum 3,4 milljörðum árið 2019 og hagnaður félagsins numið tæpum 1,2 milljörðum króna. Vöxtur félagsins hafi raunar verið með þeim hætti undanfarin ár að hann hafi verið kallaður ævintýrlegur í íslenskum fjölmiðlum.

Stefndi rekur í stefnu málsins að 11. desember 2015 hafi Benchmark Holdings Plc. keypt félagið INVE Aquaculture Holding B.V. (hér eftir INVE) og stofnað samhliða til skulda í tengslum við fjármögnun kaupanna hjá HSBC bank og Radobank. Lánveiting vegna kaupanna hafi verið að fjárhæð 70 milljónir bandaríkjadala eða sem svaraði til 605 milljóna norskra króna. Í lánasamningi Benchmark Holdings Plc. hafi þess verið getið að lánið væri tryggt með veði í móðurfélaginu, dótturfélagi þeirra í Bretlandi og tilteknum

erlendum dótturfélögum. Ekki hafi verið tiltekið í ársreikningi Benchmark Holdings Plc. vegna ársins 2016 að lánið njóti veðtrygginga í hlutabréfum í stefnda né veðtrygginga í eignum stefnda. Ekki hafi heldur verið getið um veðsetningar í eignum stefnda í ársreikningum Benchmark Holdings Plc. vegna ársins 2017 né 2018. Ekki hafi verið getið um veðsetningu á eignum stefnda í ársreikningum stefnda vegna áráanna 2016-2019. Í maí 2019 hafi Benchmark Holdings Plc. tilkynnt að félagið hygðist hverfa frá samrekstri Benchmark Holdings Plc. og AquaChile í Chile. Í júní 2019 hafi Benchmark Holdings Plc. hafið að endurfjármagna skuldir sínar hjá DNB Bank ASA, þar á meðal framangreint lán frá HSBC og Radobank. Lánið frá Benchmark Holdings Plc. frá DNB bank ASA hafi verið að fjárhæð 850 miljónir norskra króna sem svari til 95 miljóna bandaríkjadala. Nordic Trustee AS hafi komið fram í viðskiptunum sem veðvörsluaðili (e. security agent) sem hafi það hlutverk að koma fram fyrir hönd lánveitanda sem veðhafi vegna viðskiptanna, komi til vanskila lánsins. Í júlí og ágúst 2019 hafi verið tilkynnt af hálfu Benchmark Holdings Plc. að fjármálastjóri félagsins og forstjóri væru að láta af störfum. Hinn 29. nóvember 2019 hafi Benchmark Holdings Plc. svo sent frá sér tilkynningu um virðisrýrnun á eignum félagsins sem næmi 45-55 miljónum breskra punda sem væri að mestu rakin til fjárfestingarinnar í INVE. Tiltekið hafi verið að þessi virðisrýrnun kæmi til áhrifa við gerð ársreiknings Benchmark Holdings Plc. við lok reikningsárs 30. september 2019. Frá þeim tíma að Benchmark Holdings Plc. keypti hlut sinn í stefnda hafi gengi félagsins og virði þess lækkað verulega en hlutabréfaverð Benchmark Holdings Plc. hafi þróast þannig að það hafi verið 0,890 hinn 21. nóvember 2014 og 31. desember 2019 verið 0,440.

Stjórn stefnda boðaði til hluthafafundar í félaginu 14. október 2019 kl. 15:00 á starfsstöð félagsins að Staðarbergi 2-4, Hafnarfirði. Á dagskrá fundarins var, í íslenski þýðingu, „samþykkt skilmála og staðfesting á aðild stefnda að mörgum samningum“, sbr. 95. gr. a í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Þá var í fundarboðinu greint frá þeim samningum sem gerðir hefðu verið.

Stefnandi kveður að fundarboðið hafi verið sent af stjórn félagsins með ábyrgðarpósti 17. október 2019 og sent til Odd Magne Rodseth á heimilisfang hans í Noregi. Fundarboðið hafi ekki verið sent á skráð heimilisfang fyrirsvarsmanns stefnanda né tölvupóstfang hans, eða lögheimili stefnanda að Borgartúni 26, Reykjavík. Fundarboðið hafi verið sent með póstpjónustu sem hafi mælt fyrir um að afhending pósts ætti alla jafna að fara fram sex dögum eftir sendingu þess. Fundarboð hafi ekki verið afhent Odd Magne Rodseth fyrr en 23. október 2019, þegar hluthafafundurinn hafði þá þegar farið fram án vitneskju stefnanda. Sama dag hafi stefnandi fyrst fengið upplýsingar um að stjórn stefnda hefði boðað til nefnds hluthafafundar.

Stefndi segir hins vegar að til hluthafafundarinnar 14. október 2019 hafi verið boðað með tilkynningu sem hafi verið send í ábyrgðarpósti 7. október 2019, viku fyrir fund.

Fundarboðið hafi verið sent á aðila sem hafi verið skráður viðtakandi slíkra tilkynninga hjá stefnda og á þann stað sem fyrirvarsmaður stefnanda hafi sérstaklega óskað eftir við framkvæmdastjóra stefnda.

Á hluthafafundinum 14. október 2019 lá fyrir sérfræðingaskýrsla samkvæmt 95. gr. a í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, dags. 4. október 2019, sem unnin var af Krístrúnu Helgu Ingólfssdóttur, löggiltum endurskoðanda hjá KPMG. Á fundinum var samþykkt að stefndi gerðist aðili að samningi milli lánveitenda (e. intercreditor agreement) í tengslum við lán DNB Bank ASA til Benchmark Holdings Plc. með því að undirgangast skuldaaðildarsamning (e. debtor accession agreement), gæfi út tryggingarbréf (e. general bond) til tryggingar skuldbindingum Benchmark Holdings Plc. samkvæmt láninu og gerðist ábyrgðaraðili samkvæmt ábyrgðarsamningi (e. guarantee) til tryggingar skuldbindingum Benchmark Holdings Plc. samkvæmt láninu.

Þeir samningar sem samþykktir voru á hluthafafundinum voru nánar tiltekið skuldaaðildarsamningar (e. debtor accession agreement), þar sem stefndi gerðist aðili að samkomulagi milli lánveitenda (e. intercreditor agreement), dagsettu 20. júní 2019, milli meðal annars Benchmark Holdings Plc. og lánardrottna þess. Skuldaaðildarsamningurinn er ódagsettur. Tryggingarbréf (e. general bond) var gefið út 19. september 2019 og var að fjárhæð 1.300.000.000 norskra króna og 15.500.000 bandaríkjadalir, en með því veitti stefndi Nordic Trustee AS, sem veðvörsluaðila fyrir hönd lánveitenda, veð á fyrsta veðrétti í nánar tilgreindum fasteignum, ásamt veði í rekstrartækjum skv. 24. og 29. gr. laga nr. 75/1997 um samningsveð, auk þess sem stefndi setti Nordic Trustee AS að veði vörubirgðir, bústofn, rekstrarvörur, afurðir og uppskeru, til tryggingar allra skulda fyrirtækja innan samstæðu Benchmark Holdings Plc. samkvæmt skuldaskjölunum (e. debt documents) eins og þau voru skilgreind í samkomulagi milli lánveitenda (e. intercreditor agreement), þar á meðal láni til DNB Bank ASA til Benchmark Holdings Plc. Að endingu gerðist stefndi aðili að ábyrgðarsamningi (e. guarantee) 5. ágúst 2019, til tryggingar greiðslu lánsins, þar sem stefndi tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð vegna lánsins.

Stefnandi segir að 23. október 2019, þegar stefnanda hafi fyrst verið kunnugt um hluthafafundinn 14. október 2019, hafi verið leitað nánari upplýsinga um framangreindar ráðstafanir og óskað eftir gögnum vegna þeirra frá stefnda. Hinn 20. desember 2019 sendi fyrirvarsmaður stefnanda tölvupóst til Jónasar Jónassonar, framkvæmdastjóra og stjórnarmanns stefnda, þar sem gerðar voru athugasemdir við lögmæti hluthafafundarins 14. október 2019 og óskað eftir viðræðum um lausn málsins ella yrði ákvörðun hluthafafundar borin undir dómstóla.

Með bréfi lögmanns stefnanda 2. janúar 2020 var þess krafist að stjórn stefnda lýsti því yfir að hún myndi með vísan til ólögmætis ákvarðana hluthafafundar ekki aðhafast neitt á grundvelli þeirra og að stjórn myndi vinda ofan af þeim ólögmætu

ráðstöfunum sem framkvæmdar kynnu að hafa verið í kjölfar ákvörðunar hluthafafundarins.

Með bréfi lögmanns stefnda 10. janúar 2020 var kröfum stefnanda hafnað. Í téðu bréfi segir að boðun hluthafafundarins, og sú ákvörðun sem tekin hafi verið á fundinum, hafi verið lögmat, en stefnandi hygðist koma til móts við stefnanda og boða til nýs hluthafafundar 29. janúar 2020, til að endurstaðfesta fyrri ákvarðanir. Stefnandi höfðaði í kjölfarið mál þetta, 13. janúar 2020.

Eftir að mál þetta var höfðað fór fram hluthafafundur sá sem boðaður hafði verið 29. janúar 2020. Dagskrá fundarins var eftirfarandi: „Staðfesting á ákvörðunum hluthafafundar 14. október 2019 varðandi samninga við Nordic Trustee AS.“ Fulltrúi stefnanda sótt fundinn. Á fundinum var jafnframt viðstödd stjórn stefnda. Skuldaskjölin og tryggingarskjölin lágu fyrir á fundinum og voru til sýnis á skrifstofu stefnda fimm dögum fyrir fundinn. Þá lá fyrir „endurúttefin sérfræðingaskýrsla samkvæmt lið a í 95. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög“ frá KPMG, dags. 10. janúar 2020. Á hluthafafundinum var ákvörðun fyrri fundar um að samþykkja tryggingarskjölin endurstaðfest með tilskildum meirihluta atkvæða. Sama dag var aðalfundur haldinn í stefnda þar sem ársreikningur félagsins síðastliðið rekstrarár var samþykktur auk þess sem önnur aðalfundarstörf fóru fram. Í ársreikningnum kemur fram að félagið sé ábyrgðaraðili að skuldbindingum samkvæmt skuldaskjölunum og að það hafi sett eignir sínar að veði samkvæmt veðskjölunum.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu Bára Gunnlaugsdóttir, meðstjórnandi Stofnfishs hf., og Krístrún Helga Ingólfssdóttir, löggiltur endurskoðandi. Verður vísað til framburðar þeirra síðar eftir því sem ástæða er til.

## II.

Stefnandi byggir heimild sína til málshöfðunar á 96. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Stefnandi byggir á því að boðun hluthafafundarins 14. október 2019 hafi ekki farið fram í samræmi við skilyrði 88. gr. laga nr. 2/1995 og 12. gr. samþykktu félagsins. Fyrir liggja að fundarboð hafi ekki verið sent á skráðan fyrirvarsmann stefnanda, hvorki heimilisfang hans né tölvupóst, eða á lögheimili stefnanda að Borgartúni 26, Reykjavík. Jafnframt hafi fundarboðið, sem hafi verið sent til Odd Magne Rodseth, ekki borist fyrir en 24. október 2019, en í kjölfarið hafi Odd sent erindið til stefnanda. Þegar af þeirri ástæðu telur stefnandi ljóst að ekki hafi verið uppfyllt skilyrði 88. laga nr. 2/1995 og 12. gr. samþykktu félagsins við boðun fundarins. Af því leiði að allar ákvarðanir sem teknar voru á fundinum séu ólögmatar og fella beri þær úr gildi, sbr. 88. gr., sbr. 96. gr., laga nr. 2/1995.

Verði af einhverjum ástæðum talið að boðun fundarins hafi farið fram í samræmi við áskilnað laga um hlutafélög og samþykktir stefnda byggir stefnandi á því að fella beri ákvörðun hluthafafundarins úr gildi á grundvelli 95. gr. a í lögum nr. 2/1995. Byggir

stefnandi á því að ákvörðun hluthafafundarins hafi verið tekin á grundvelli ófullnægjandi, rangra og hlutdrægra upplýsinga þar sem sérfræðiskýrsla sú sem lá til grundvallar ákvörðun hluthafafundar uppfyllti ekki skilyrði 2. mgr. 95. gr. a, sbr. 6. gr., sbr. 6. gr. a – 6. gr. c og 7 – 8. gr. laganna.

Sérfræðiskýrsla samkvæmt ófrávikjanlegu ákvæði 2. mgr. 95. gr. a sé formlegt skjal frá þar til bærum þriðja aðila sem skuli geyma yfirlýsingu þess efnis að samræmi sé milli greiðslu félags og þess endurgjalds sem félagið fær í sinn hlut. Sérfræðiskýrsla verði því að vera þannig úr garði gerð að hluthafar geti mótað sér afstöðu til samnings áður en að hluthafafundi kemur. Skilyrðið hafi komið inn með breytingarlögum nr. 68/2010 varðandi aukna minnihlutavernd og hafi síðan verið staðfest í dómaframkvæmd. Markmið með skilyrðinu hafi meðal annars verið að tryggja gagnsæi í samningum félags við tengdan aðila og möguleika minnihlutahluthafa til vitneskju og aðkomu að upplýstri ákvörðunartöku um ráðstöfun eigna til hluthafa. Skýrslu af þessu tagi sé þá ætlað að tryggja að ákveðnir hluthafar sölsi ekki undir sig hagsmuni eða eignir félags með ótilhlýðilegum hætti á kostnað félagsins eða annarra hluthafa. Sérfræðiskýrslu sé ætlað að leggja mat á framlag félags, framlag mótaðila og bæði framlögin ef svo ber undir. Í slíkri skýrslu beri að greina frá lýsingu á hverri greiðslu eða því sem tekið er við, upplýsingum um aðferðina sem notuð er við mat á virði endurgjalds, tilgreiningu á því fjárhagslega endurgjaldi sem veitt er auk yfirlýsingar um að hið tiltekna verðmæti svari a.m.k. til hins umsamda endurgjalds, sbr. 6. gr. laga nr. 2/1995. Sérfræðiskýrsla skuli fylgja fundarboði til hluthafafundar og send hlutafélagaskrá.

Umrædd sérfræðiskýrsla Krístrúnar Helgu Ingólfssdóttur, endurskoðanda hjá KPMG, dags. 4. október 2019, tilgreini hvorki fjárhæðir né fullnægjandi lýsingu þeirrar greiðslu sem stefndi hafi verið að móttaka og inna af hendi, sbr. 1., sbr. 3., tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 2/1995. Skýrslan greini heldur ekki með fullnægjandi hætti frá upplýsingum um aðferðina sem notuð sé við matið eða forsendur hennar, sbr. 2. tl. 6. gr. laga nr. 2/1995. Umrædd skýrsla hafi þannig ekki að geyma annað en yfirlýsingu endurskoðanda um að óskilgreind ábyrgðarveiting stefnda svari til óskilgreinds og samsvarandi órökstudds endurgjalds til stefnda. Til að mynda sé þar vísað til samkomulags lánveitenda (e. intercreditor agreement) sem „lánsins“, sem byggist á misskilningi enda feli slíkt samkomulag ekki í sér lánveitingu, heldur fjalli einungis um innbyrðis samband lánveitenda lánsins. Þar sé heldur enga tilvísun eða umfjöllun að finna um sjálft lánið, fjárhæð þess, kjör eða greiðsluskilmála, sem hljóti að teljast algert grundvallaratriði varðandi það hvaða verðmæti stefndi sé að láta af hendi þegar hann gangi í ábyrgð fyrir láninu til Benchmark Holdings Plc. og setji eignir sínar að veði til tryggingar þess.

Stefnandi vísar til þess að skýrslan tilgreini sem endurgjald til stefnda vegna ábyrgðarveitingar það eitt að stefndi hafi aðgang að markaðs- og söludreifingarkerfi Benchmark Holdings Plc. Sá aðgangur sé talinn fela í sér samsvarandi endurgjald fyrir

ábyrgðarveitingu í formi veðsetningar á öllum eigum stefnda fyrir langtum meira en verðmæti þeirra sé. Engum frekari útskýringum, rökstuðningi eða tölulegri framsetningu á virði þessa endurgjalds sé fyrir að fara í skýrslunni.

Stefnandi telur ótvírætt að slík órökstudd og innihaldslaus skýrsla um lykilatriði sem henni sé að lögum ætlað að kveða á um leiði til þess að skýrsla KPMG uppfylli ekki skilyrði 2. mgr. 95. gr. a, sbr. 6. gr., sbr. 6. gr. a – 6. gr. c og 7 – 8. gr. laga nr. 2/1995. Þegar af þeirri ástæðu skorti á að skilyrði 1. mgr., sbr. 2. mgr., 95. gr. laga nr. 2/1995 sé uppfyllt. Því beri að fella ákvörðun hluthafafundarins úr gildi.

Stefnandi vísar enn fremur til þess að sérfræðiskýrsla KPMG sé þess utan efnislega röng um þau atriði sem hún freisti þess að fjalla um. Slíkt hafi stjórnendum stefnda jafnframt verið eða mátt vera ljóst. Hið rétta sé að ekkert raunverulegt endurgjald hafi komið til handa stefnda við samningagerðina samhliða ábyrgðarveitingu hans, hvorki fyrir né eftir ráðstöfunina. Vísar stefnandi til þess að stefndi hafi haft aðgang að markaðs- og söludreifingarkerfi Benchmark Holdings Plc. í langan tíma fyrir hluthafafundinn 14. október 2019. Stefndi hafi ekki upplýsingar um annað en að slík viðskipti hafi farið fram á armslengdarkjörum. Ekkert liggi heldur fyrir um að ákveðið hafi verið að stefnda skyldi gert skylt að inna einhvers konar endurgjald af hendi fyrir aðgang sinn að markaðs- og söludreifingarkerfi Benchmark Holdings Plc. sem síðan hafi fallið niður við hinar meintu ólögmætu ráðstafanir sem með stefnu þessari sé krafist ógildingar á.

Stefnandi telur því ljóst að stefndi hafi ekki sýnt fram á að raunverulegt endurgjald hafi komið til stefnda við samningsgerðina samhliða ábyrgðarveitingu stefnda. Slíku hefði sérfræðiskýrsla KPMG réttilega átt að greina frá ef málið hefði raunverulega verið skoðað með fullnægjandi hætti. Af framangreindu leiði að ákvörðun hluthafafundar stefnda 14. október 2019 hafi falið í sér öflun ótilhlýðilegra hagsmuna Benchmark Holdings Plc. á kostnað stefnanda samkvæmt 95. gr. laga nr. 2/1995, svo að fella beri ákvörðun hluthafafundar úr gildi með vísan til sama ákvæðis.

Með vísan til alls framangreinds telur stefnandi að hin umdeilda ákvörðun sem lýst var samþykkt á hluthafafundi í stefnda 14. október 2019 hafi verið tekin með ólögmætum hætti auk þess sem hún brjóti í bága við lög nr. 2/1995 og samþykktir félagsins. Stefnandi telur framangreinda annmarka valda ógildi ákvörðunarinnar svo að ómerkja skuli hana á grundvelli 4. mgr. 96. gr. laganna.

Varðandi kröfu um að fella fella beri úr gildi ákvörðun hluthafafundar 29. janúar 2020 á grundvelli 95. gr. a í lögum nr. 2/1995 byggir stefnandi einkum á því að endurstaðfesting ákvörðunar fyrri hluthafafundar á hluthafafundinum 29. janúar 2020 hafi verið ólögmæt og tekin á grundvelli ófullnægjandi, rangra og hlutdrægra upplýsinga þar sem sérfræðiskýrslur þær sem lágu til grundvallar ákvörðun hluthafafundar hafi ekki

uppfyllt skilyrði 2. mgr. 95. gr. a, sbr. 6. gr., sbr. 6. gr. a – 6. gr. c og 7 – 8. gr. laga nr. 2/1995.

Ákvörðun stjórnar stefnda um að boða til nýs fundar í þeim eina tilgangi að endurstaðfesta fyrri ákvörðun og gefa stefnanda tækifæri á að sækja fundinn gefi í fyrsta lagi til kynna að stjórn stefnda taki undir þau sjónarmið með stefnanda að boðun til fundar þann 14. nóvember 2019 hafi verið ófullnægjandi og í öðru lagi þá gefi sú ákvörðun stjórnarinnar að leggja fram nýja sérfræðiskýrslu KPMG, dags. 10. janúar 2020, til kynna að stjórnin sé sammála því að ákvörðunin hafi verið tekin á ólögum grundvelli þar sem sérfræðiskýrsla KPMG frá 4. október 2019 hafi verið ófullnægjandi og ekki uppfyllt skilyrði hlutafélagalaga.

Telur stefnandi að það sé ólöglegt með vísan til 95. gr. og 95. gr. a í lögum nr. 2/1995 að endurstaðfesta ákvörðun sem þegar hafi verið tekin á hluthafafundi á grundvelli ófullnægjandi, rangra og hlutdrægra gagna og þá sérstaklega þegar fyrir liggja að gildi ákvörðunarinnar hafi verið borið undir dómstóla.

Ákvörðun hluthafafundar 29. janúar 2020, þar sem fyrri ákvörðun hafi verið endurstaðfest, hafi byggst á sömu gögnum og á hluthafafundi 14. október 2019 að undanskilinni nýrri sérfræðiskýrslu KPMG, frá 10. janúar 2020.

Stefnandi telur að ekki sé heimild fyrir því að reyna að bæta úr annmörkunum við töku ákvörðunarinnar með því að leggja fram ný gögn og byggja á því að endurstaðfesting ákvörðunarinnar hafi farið fram með lögum hætti. Telur stefnandi því að sérfræðiskýrsla KPMG, dags. 10. janúar 2020, eigi ekki að hafa þýðingu í málinu enda hafi stjórn stefnda talið sig vera að endurstaðfesta fyrri ákvörðun, sem tekin hafi verið með vísan til fyrirliggjandi gagna á þeim tíma.

Stefnandi telur að sérfræðiskýrslan frá 10. janúar 2020 sé ófullnægjandi með sama hætti og skýrslan frá 4. október 2019 og að slík órökstudd og innihaldslaus skýrsla um lykilatriði sem henni sé að lögum ætlað að kveða á um leiði til þess að skýrsla KPMG uppfylli ekki skilyrði 2. mgr. 95. gr. a, sbr. 6. gr., sbr. 6. gr. a – 6. gr. c og 7 – 8. gr. laga nr. 2/1995. Þegar af þeirri ástæðu skorti á að skilyrði 1. mgr., sbr. 2. mgr., 95. gr. a sé uppfyllt, svo að fella beri ákvörðun hluthafafundarins úr gildi.

Stefnandi telur enn fremur að skýrslan 10. janúar 2020 sé efnislega röng, með sama hætti og fyrri skýrslan. Þá áréttar stefnandi að stefndi hafi ekki sýnt fram á að raunverulegt endurgjald hafi komið til stefnda við samningagerðina samhliða ábyrgðarveitingu stefnda. Slíku hefði sérfræðiskýrsla KPMG réttilega átt að greina frá ef málið hefði raunverulega verið skoðað með fullnægjandi hætti.

Með vísan til alls framangreinds telur stefnandi að endurstaðfesting ákvörðunarinnar sem samþykkt var á hluthafafundi í stefnda 29. janúar 2020 hafi verið tekin með ólögum hætti auk þess sem hún brjóti í bága við lög um hlutafélög nr.

2/1995 og samþykktir félagsins. Stefnandi telur framangreinda annmarka valda ógildi ákvörðunarinnar svo að ómerkja skuli hana á grundvelli 4. mgr. 96. gr. laga nr. 2/1995.

Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

### III.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að hluthafafundur sem var haldinn 14. október 2019, og endurtekinn 29. janúar 2020, hafi verið lögmætur. Þá byggir stefndi á því að ákvarðanir, sem teknar voru á fundinum, séu ekki ógildanlegar, enda séu hvorki á þeim form- né efnisannmarkar sem valdi ógildingunni.

Stefndi byggir á því að til fundarins 14. október 2019 hafi verið boðað í samræmi við ákvæði 88. gr. laga nr. 2/1995 og samþykktir félagsins. Í 88. gr. laganna segi að boða skuli til hluthafafundar skemmst viku fyrir fund en aðalfund skuli boða skemmst tveimur vikum fyrir fund. Þá segi að boða skuli til funda með þeim hætti sem félagssamþykktir ákveða. Boðun skuli vera skrifleg til allra hluthafa sem þess hafi óskað og skráðir séu í hlutaskrá. Í fundarboðinu skuli greina málefni þau sem taka eigi til meðferðar á fundinum.

Í 12. gr. samþykktu félagsins segi að félagsstjórn skuli boða til hluthafafundar með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða á annan jafn sannanlegan hátt. Aðalfund skuli boða með minnst fjórtán daga fyrirvara en aukafund með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skuli getið í fundarboði. Hluthafafundur sé lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í félaginu. Þá segi í 7. gr. samþykktanna að hluthafar skuli tilkynna félagsstjórn um bústaðaskipti. Vanræki þeir það beri að skoða allar tilkynningar til hluthafa löglegar ef þær eru sendar til þess bústaðar er síðast var skráður hjá félaginu.

Stefndi telur að öll ofangreind skilyrði hafi verið uppfyllt þegar boðað var til hluthafafundarins 14. október 2019. Til fundarins hafi verið boðað viku fyrir fund, þann 7. október 2019, og fundarboðið verið sent með ábyrgðarpósti á heimilisfang Blue Future Holding AS. Það sé óumdeilt en það sé staðfest í málsatvikaýsingu stefnanda, bréfi hans 2. janúar 2020, og á mynd af rekjanlegu bréfi sem lögð hefur verið fram í málinu. Fundarboðið hafi verið skriflegt og fundarefnis getið í fundarboði. Fundarboðið hafi verið sent á það heimilisfang sem skráð var hjá félaginu en forsvarsmáður stefnanda hafi sérstaklega óskað eftir því að tilkynningar væru sendar á það heimilisfang og stefnandi ekki tilkynnt um breytingar á þeirri tilhögun. Stefnandi geti ekki borið hallann af því hvenær fundarboðið barst stefnanda enda sé aðeins lögð sú skylda á stjórn félagsins að boða til fundarins viku fyrir fund en ekki að tryggja að efni fundarboðsins sé komið til vitundar hvers viðtakanda minnst viku fyrir fund, enda væri slík túlkun ótæk. Málsástæðum stefnanda um að hluthafafundurinn hafi verið ólögmætur vegna ófullnægjandi boðunar sé því hafnað. Stefnandi mótmælir þeirri fullyrðingu stefnanda að

hann hafi notast við pósthjónustu sem hafi mælt fyrir um afhendingu sex dögum eftir sendingu.

Þá telur stefndi að almennt sé óvönduð birting eða of stuttur boðunarfrestur ekki talinn geta valdið ógildi ein og sér. Svo að ógilding komi til greina þurfi að sýna fram á að hluthafi hafi ekki átt kost á að mæta til hluthafafundar og að ákvörðun hafi skipt hann máli. Jafnframt þurfi ákvörðun um hana að hafa getað fallið öðruvísi að viðkomandi hluthafa viðstöddum. Í þessu sambandi sé áréttað að ákvörðun á hluthafafundinum 14. október hafi verið samþykkt af hluthafa sem haldi á 89,48% hlutfjár í félaginu og ráði yfir samsvarandi atkvæðamagni. Það sé því ljóst að atkvæði stefnanda á fundinum hefði ekki breytt ákvörðun fundarins, sem aðeins hafi krafist samþykkis einfalds meirihluta atkvæða.

Annar hluthafafundur hafi verið haldinn 29. janúar 2020 þar sem fyrir hafi legið tillögur um að endurstaðfesta ákvarðanir sem teknar voru á hluthafafundi 14. október 2019. Fulltrúi stefnanda hafi sótt fundinn, komið sjónarmiðum sínum á framfæri og greitt atkvæði um tillögur sem þar voru lagðar fram. Á fundinum hafi jafnframt verið viðstödd stjórn stefnda og stefnandi haft tækifæri til að leggja spurningar fyrir stjórnina varðandi skilmála skjalanna og annað sem þörf hafi verið á til að taka upplýsta ákvörðun um tryggingarskjölin eða óska frestunar á meðferð málsins ef eitthvað reyndist óljóst. Á fundinum hafi verið endurstaðfest sú ákvörðun fyrri fundar að samþykkja tryggingarskjölin með tilskildum meirihluta atkvæða.

Að ofangreindu virtu telur stefndi að hagsmunir stefnanda, um að fá ákvarðanir hluthafafundarins 14. október 2019 felldar úr gildi með vísan til ólögæmtrar boðunar, hafi verið liðnir undir lok, enda hafi ákvörðunin verið endurstaðfest á hluthafafundi 29. janúar 2020, að stefnanda viðstöddum. Beri samkvæmt því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Stefndi byggir sýknukröfu einnig á því að tryggingarskjölin, þ.e. samningar stefnda við Nordic Trustee AS, eigi ekki undir 95. gr. a í lögum nr. 2/1995. Á hluthafafundinum 14. október 2019 hafi stefndi samþykkt að gangast undir samninga við Nordic Trustee, sem veðgæsluaðila kröfueigenda samkvæmt skuldaskjölunum. Veðgæsluaðili hafi umsjón með veðtryggingum og ábyrgðum sem standi til tryggingar skuldaskjölunum. Nordic Trustee sé ekki tengdur Benchmark eða stefnda með nokkrum hætti og sé því heldur ekki haldið fram af hálfu stefnanda í málinu.

Ákvæði 95. gr. a í lögum nr. 2/1995 gildi um samninga félags við eftirfarandi tilgreinda tengda aðila: Hluthafa, móðurfélag hluthafa, stjórnarmenn og framkvæmdastjóra félagsins eða aðila nákomna þeim. Það leiði af ákvæðinu að það gildi ekki um samninga félags við viðskiptabanka, veðgæsluaðila og aðra ótengda þriðja aðila. Það sé hafið yfir allan vafa að samningar félagsins við Nordic Trustee falli alfarið utan gildisviðs 95. gr. a. Þegar af þeirri ástæðu geti ákvarðanir hluthafafundar ekki verið

felldar úr gildi á þeim grundvelli að skilyrði 95. gr. a hafi ekki verið uppfyllt við ákvörðunartökuna. Beri samkvæmt því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Telji dómurinn að ákvæði 95. gr. a í lögum nr. 2/1995 eigi við um samninga stefnda við Nordic Trustee þá beri jafnframt að hafa í huga að ákvæðið gildi ekki um samninga sem gerðir séu í tengslum við venjulegan rekstur félags og hafi að geyma verð og aðra skilmála sem eðlilegt er að séu í slíkum samningum, sbr. undantekningarákvæði 4. tl. 1. mgr. 95. gr. a.

Undir þetta lagaákvæði falli samningar tengdir meginstarfsemi félags, fjármögnunarsamningar og aðrir samningar sem mæti þörfum eða viðskiptahagsmunum félags. Í þessu samhengi hafi löggjafinn almennt litið á samstæðu félaga sem eina efnahagslega einingu, þar sem lausafjárstaða og tryggingar samstæðunnar í heild séu notaðar með það fyrir augum að mæta lausafjárþörf, lækka fjármagnskostnað eða auka fjármagnstekjur félaga innan samstæðunnar. Fjármögnunarkostnaður sé yfirleitt lækkaður með því að félög innan samstæðunnar veiti ábyrgðir og tryggingar vegna lántöku annarra fyrirtækja innan samstæðunnar, að jafnaði móðurfélagsins, sem sjái þá um að tryggja félögum innan samstæðunnar aðgengi að fjármagni eftir þörfum. Vísist í þessu sambandi m.a. til 6. mgr. 104 gr. laga nr. 2/1995 sem heimili dótturfélögum að veita lán og gangast í ábyrgð fyrir móðurfélag og veiti þar með sérstaka undanþágu frá meginreglunni um að hlutafélag megi ekki veita lán eða gangast í ábyrgð fyrir hluthafa og tengda aðila.

Með hliðsjón af framangreindu sé ljóst að ábyrgðir og tryggingar dótturfélags til þriðja aðila vegna samstæðufjármögnunar móðurfélags falli undir undanþáguákvæði 4. tl. 1. mgr. 95. gr. a að því gefnu að slíkar ábyrgðir og tryggingar séu veittar í tengslum við venjulegan rekstur og hafi að geyma hefðbundna skilmála. Í þessu tilviki séu framangreind skilyrði uppfyllt enda hafi stefndi augljósa hagsmuni af fjármögnun móðurfélagsins og aðgengi að sjóðum þess til skemmri eða lengri tíma litið. Þá séu skilmálar skuldaskjalanna og tryggingarskjálanna hefðbundnir fyrir samninga af þessu tagi og kveði sérstaklega á um að andvirði þeirra skuli nýtt í almennan rekstur og rekstrarfjárþörf Benchmark-samstæðunnar.

Með vísan til framangreinds falli tryggingarskjölin utan ákvæðis 95. gr. a. Megi til marks um það benda á að stefnandi reyni ekki að rökstyðja í stefnu á hvaða grundvelli hann telur tryggingarskjölin eiga undir ákvæði 95. gr. a. Geti ákvarðanir hluthafafundar því ekki verið felldar úr gildi á þeim grundvelli að skilyrði 95. gr. a hafi ekki verið uppfyllt við ákvörðunartökuna. Samkvæmt því beri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Hvort sem tryggingarskjölin teljist falla undir ákvæði 95. gr. a eða ekki byggir stefndi sýknukröfu sína auk þess á því að þeirri málsmeðferð sem kveðið er á um í ákvæðinu hafi í öllum atriðum verið fylgt við ákvörðuntöku á hluthafafundum stefnda

14. október 2019 og 29. janúar 2020. Stefndi hafi boðað til hluthafafundar í þeim tilgangi að bera samþykkt tryggingarskjalanna undir hluthafafund. Þá hafi félagsstjórn aflað sérfræðiskýrslu frá óháðum, sérfróðum aðila sem hafi haft að geyma yfirlýsingu þess efnis að samræmi væri milli greiðslu félagsins og þess endurgjalds sem félagið fengi. Hluthafafundur hafi samþykkt tryggingarskjölin með tilskildum meirihluta atkvæða. Öll skilyrði ákvæðis 95. gr. a hafi verið uppfyllt við ákvörðunartökuna.

Stefndi segir að af málatilbúnaði stefnanda virðist sem grundvallarmálsástæða stefnanda sé sú að stefndi verði látinn bera hallann af einhvers konar formgöllum sem stefnandi telur vera á sérfræðiskýrslu KPMG. Slíkur málatilbúnaður standist ekki nánari skoðun þar sem það sé ekki á forræði stjórnar stefnda að ákveða hvernig niðurstaða óháðs sérfræðings er fengin, hvernig hún er sett fram eða hafa áhrif á hana að öðru leyti. Það færi beinlínis gegn grundvallarmarkmiði lagaákvæðisins, sem sé að aflað sé óháðs álits sérfræðings um viðeigandi efnisatriði, ef stefndi ætti að bera ábyrgð á efnisinntaki sérfræðiskýrslu KPMG. Af því myndi leiða að stefndi ætti að breyta eða hafa veruleg áhrif á efnisinntak skýrslu KPMG, sem aftur myndi leiða til þess að stefndi gæti haft áhrif á niðurstöðu KPMG sem hafi verið fengið að málinu sem óháður sérfræðingur. Slík sjónarmið standist ekki nánari skoðun og myndu beinlínis grafa undan tilgangi ákvæðisins.

Þá segir stefndi að í tengslum við matið hafi KPMG verið veittur aðgangur að sömu gögnum og hluthafar hafi haft aðgang að, þ.e. skuldaskjölunum og tryggingarskjölunum, auk annarra gagna sem sérstaklega hafi verið óskað eftir, s.s. sölutölum frá árinu 2015. Að loknu mati og með hliðsjón af þeim gögnum sem KPMG hafi haft aðgang að hafi KPMG gefið út sérfræðilegt álit sitt um að samræmi væri á milli greiðslu og endurgjalds. Ef stefnandi telur efnis- eða formgalla vera á skýrslu KPMG verði stefnandi að beina slíkum sjónarmiðum að KPMG enda tengist þessar athugasemdir stefnanda að skjali og vinnubrögðum KPMG.

Verði komist að þeirri niðurstöðu að stefndi beri ábyrgð á efnisinntaki sérfræðiskýrslu KPMG byggir stefndi á því að sérfræðiskýrsla KPMG uppfylli kröfur 2. mgr. 95. gr. laga nr. 2/1995. Megintilgangurinn með ákvæðinu sé að óháður sérfræðingur hafi metið hvort samræmi sé á milli greiðslu félagsins og þess endurgjalds sem félagið fær áður en hluthafafundur tekur ákvörðun um að félagið geri samning við tengdan aðila. Þetta sé jafnframt eina krafan sem 2. mgr. 95. gr. laganna geri til skýrslunnar, en að öðru leyti vísi hún til 6. gr. laganna. Upplýst ákvörðun hluthafafundar sé þannig megintilgangur ákvæðisins.

Stefndi kveður að óumdeilt sé að sérfræðiskýrsla KPMG taki á framangreindu atriði. Í skýrslunni komi skýrlega fram að stefndi, sem partur af Benchmark-samstæðunni, hafi aðgang að mörkuðum og söludreifikerfi samstæðunnar og teljist það þóknun fyrir að gangast í ábyrgð og veita veð fyrir skuldbindingum móðurfélags síns

samkvæmt skuldaskjölunum. Sérfræðiskýrslan tilgreini þannig skýrt hverju félagið taki við og það endurgjald sem félagið fái fyrir. Stefnandi haldi því fram að ekkert raunverulegt endurgjald hafi komið til handa stefnda við samningsgerðina samhliða ábyrgðarveitingu hans, en hann hafi haft aðgang að markaðs- og söludreifingarkerfi Benchmark Holdings í langan tíma fyrir hluthafafundinn 14. október 2019. Eðli máls samkvæmt hafi stefndi haft aðgang að markaðs- og söludreifingarkerfi Benchmark-samstæðunnar frá því að félagið var keypt inn í samstæðuna í lok árs 2014. Þannig sé ekki um einsskiptis endurgjald að ræða heldur sé endurgjaldið viðvarandi á meðan stefndi sé aðili að samstæðunni og á sama tíma sé samstæðufjármögnun félagsins viðvarandi.

Í þessu samhengi megi benda á veltutölur stefnda en velta félagsins frá 2014 hafi aukist úr 1,4 milljörðum í 3,4 milljarða. Þá hafi hagnaður stefnda hækkað úr 125 m.kr. í 1,2 ma.kr. Það sé einfaldlega staðreynd í þessu máli að stefndi njóti góðs af aðgangi að markaðs- og söludreifingarkerfi Benchmark-samstæðunnar. Það sem meira er sé að stefnandi njóti jafnframt góðs af velgengni félagsins og hækkandi virði þess án þess að hafa lagt neitt af mörkum til félagsins.

Loks staðfesti skýrslan að samræmi sé á milli greiðslu stefnda, þ.e. þeirrar tryggingar sem stefndi hafi skuldbundið sig til að veita samkvæmt tryggingarskjölunum, og þess endurgjalds sem stefndi fái, þ.e. aðgangs að mörkuðum og söludreifingarkerfi Benchmark-samstæðunnar. Framangreind yfirlýsing sé kjarni ákvæðis 2. mgr. 95. gr. a í lögum nr. 2/1995 og feli í sér að hluthafar megi treysta því að með umþrætti ákvörðun færu ekki meiri verðmæti út úr félagi stefnda en félagið sannanlega hafi fengið greitt fyrir. Stefndi telur ljóst að skýrslan uppfylli kröfur 1.-3. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 2/1995 og sé öllum málsástæðum stefnanda um hið gagnstæða alfarið mótmælt.

Stefndi mótmælir því sem haldið sé fram í stefnu um að sérfræðiskýrslan sé ófullnægjandi þar sem hún vísi til samkomulags lánveitenda (e. Intercreditor Agreement) sem lánsins. Skuldbindingar stefnda séu byggðar á þeim samningi enda sé stefndi ekki aðili að skuldaskjölunum sjálfum. Þrátt fyrir að skýrslan sjálf kveði ekki á um fjárhæðir lána dragi það ekki úr gildi skýrslunnar enda byggist mat KPMG á ýmsum upplýsingum og gögnum sem aflað hafi verið í tengslum við gerð skýrslunnar, s.s. skuldaskjölunum, tryggingarskjölunum, upplýsingum um sölutölur o.fl. Skýrslan ásamt skuldaskjölunum og tryggingarskjölunum hafi legið frammi á hluthafafundum stefnda. Þá hafi upplýsingar um skilmála skuldaskjalanna legið fyrir í tryggingarskjölunum, s.s. upplýsingar um fjárhæðir lána. Skilmálar skjalanna hafi því átt að vera hluthöfum ljósir við ákvörðunartökuna.

Til viðbótar við framangreint leiði form- eða efnisgallar á sérfræðiskýrslu almennt ekki til þess að samningar, sem staðfestir hafi verið á hluthafafundi, séu óskuldbindandi fyrir félagið, nema sýnt sé fram á að hluthafafundur hefði hafnað

samþykkt samninganna ef meintir ágallar hefðu ekki verið á skýrslunni. Stefnanda sé ekki stætt á að byggja eingöngu á því, að vantað hafi útlistun á aðferðum endurskoðanda í skýrsluna, heldur verði hann einnig að sýna fram á að hluthafafundur hefði hafnað samningnum, ef þessar upplýsingar hefðu legið fyrir fundinum. Telur stefndi stefnanda á engan hátt hafa tekist sú sönnun.

Stefndi mótmælir því að ákvarðanir hluthafafundarins feli á einhvern hátt í sér ótilhlýðilegar ráðstafanir. Ákvæði 95. gr. laga nr. 2/1995 fái einkum sjálfstætt gildi þegar ekki sé að finna sérreglu um þá tegund ákvörðunar sem til meðferðar er. Um þá ákvörðun, sem hér sé undir, sé fjallað í 6. mgr. 104. gr. laga nr. 2/1995, þar sem kveðið sé á um undantekningu á þeirri meginreglu 1. mgr. 104. gr., að hlutafélagi sé hvorki heimilt að veita tilgreindum tengdum aðilum lán né setja fyrir þá tryggingu. Ákvæði 6. mgr. kveði aftur á móti á um að meginreglan taki ekki til lána eða framlaga til móðurfélags og trygginga fyrir skuldbindingum móðurfélags. Því sé um að ræða sérreglu sem taki sérstaklega til þeirra ráðstafana sem hér séu undir. Samkvæmt almennum lögskýringarsjónarmiðum gangi umrætt ákvæði fram 95. gr. Það þurfi því annað og meira að koma til svo að 95. gr. leiði til þess að umrædd ákvörðun verði felld úr gildi.

Stefndi telur fráleitt að ákvörðun dótturfélags um að veita ábyrgð og setja tryggingar fyrir móðurfélag teljist ótilhlýðileg ráðstöfun. Almennt sé litið á samstæðu félaga sem eina efnahagslega heild og að dótturfélög njóti alla jafna ávinnings af því að tilheyra slíkri heild, s.s. með aðgangi að tengslaneti, viðskiptalegri og tæknilegri þekkingu ásamt greiðara aðgengi að lánsfjármagni. Hagsmunir stefnda séu augljósir. Stefndi áréttar í þessu sambandi fyrri umfjöllun um vöxt stefnda frá því að Benchmark eignaðist aukinn meirihluta í félaginu.

Telur stefndi að stefnandi hafi engin haldbær rök fært sem réttlætt gætu ógildingu ákvarðana hluthafafundar stefnda með vísan til 95. gr. laga nr. 2/1995 og beri samkvæmt því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Í greinargerð stefnda í framhaldssök segir að ákvörðun stjórnar um að boða til nýs fundar og endurstaðfesta ákvörðun fyrri fundar hafi eingöngu verið tekin með það að leiðarljósi að veita stefnanda kost á að vera viðstaddur fundinn. Það sé með engum hætti fallist á það með stefnanda að með því sé tekið undir sjónarmið stefnanda um að boðun til fundarins 14. október 2019 hafi verið ófullnægjandi. Hagsmunir stefnanda um að fá ákvörðun hluthafafundarins 14. október 2019 fellda úr gildi með vísan til ólögmeðrar fundarboðunar hafi liðið undir lok með nýrri ákvörðun hluthafafundar, sem hafi endurstaðfest fyrri ákvörðun.

Stefndi telur fráleitt að halda því fram að hluthafafundur, sem æðsta vald í málefnum félags, geti ekki endurstaðfest ákvarðanir eða tekið nýjar ákvarðanir sem taki við af eldri ákvörðunum ef ákvarðanir hafa verið bornar undir dómstóla. Slíkt myndi

leiða til þess að hluthafar og aðrir gætu gert félög með öllu óstarfhæf með tilhæfulausum málsóknum, líkt og þessari.

Þá sé með engum hætti fallist á það með stefnanda að með því að leggja fram nýja sérfræðiskýrslu KPMG sé tekið undir þau sjónarmið stefnanda að sérfræðiskýrsla KPMG frá 4. október 2019 hafi verið ófullnægjandi. Skýrslurnar séu nánast samhljóða og telur stefndi það engu breyta við úrlausn þessa máls á hvora skýrsluna er horft, enda sé kjarni málsins sá að skýrslunnar hafi verið aflað og hún kveði á um að samræmi sé á milli greiðslu og endurgjalds. Öll málsmeðferð vegna ákvörðunar um að samþykkja tryggingarskjölin hafi verið í fullu samræmi við ákvæði 95. gr. a í lögum nr. 2/1995 og beri samkvæmt því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda. Áréttar stefndi að ráðstafanirnar hafi ekki verið ótilhlýðilegar í skilningi 95. gr. laga nr. 2/1995.

Um lagarök vísar stefndi einkum til ákvæða 95. og 95. gr. a í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, sem og ákvæða 104. gr. sömu laga.

Þá er vísað til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, en krafa um málskostnað byggist á 129. og 130. gr. laganna.

#### IV.

Eins og rakið hefur verið krefst stefnandi þess í máli þessu að ógiltar verði ákvarðanir hluthafafunda stefnda 14. október 2019 og 29. janúar 2020, um að samþykkja að stefndi takist á hendur samningsskuldbindingar gagnvart Nordic Trustee AS samkvæmt samkomulagi milli lánveitenda, dags. 20. júní 2019, ódagsettum skuldaaðildarsamningi, tryggingarbréfi (veðsamningi), dags. 19. september 2019, og ábyrgðarsamningi, dags. 5. ágúst 2019. Stefnandi byggir fyrst á því að til fundarins 14. október 2019 hafi ekki verið boðað með lögsmætum hætti og að endurstaðfesting ákvörðunar frá þeim fundi á hluthafafundi 29. janúar 2020 hafi verið ólögsmæt.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög skal boða til hluthafafundar lengst fjórum vikum fyrir fund og skemmst viku fyrir fund. Þó má halda hluthafafund með skemmri fyrirvara ef hluthafar, sem ráða yfir a.m.k. 90% af hlutafé, samþykkja það fyrir fram skriflega. Að öðru leyti skal boða til fundar með þeim hætti sem félagssamþykktir ákveða. Boðun skal þó vera skrifleg til allra þeirra hluthafa sem þess hafa óskað og skráðir eru í hlutaskrá, sbr. 2. mgr. 88. gr. laga nr. 2/1995. Samkvæmt 12. gr. samþykktar fyrir stefnda, sem samþykktar voru á hluthafafundi 28. september 2015, skal stjórn boða til hluthafafundar með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða á annan jafn sannanlegan hátt. Hluthafafundur er lögsmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutfjár í félaginu að minnsta kosti. Fyrir liggur að fundarboð á hluthafafundinn 14. október 2019, sem samkvæmt gögnum málsins var sent viku fyrir fundinn, var ekki sent á skráðan fyrirvarsmann stefnanda eða á lögheimili stefnanda hér á landi heldur tiltekinn aðila með heimilisfang í Noregi. Stefnandi heldur því

fram að stefnandi hafi óskað eftir að fá sendar tilkynningar á það heimilisfang en það er ósannað gegn mótmælum stefnanda. Stefnandi mun ekki hafa fengið vitneskju um fundinn fyrr en eftir að hann fór fram. Samkvæmt framansögðu voru slíkir annmarkar á fundarboðun að ákvarðanir teknar á fundinum voru ógildanlegar. Málshöfðun stefnanda í kjölfar fundarins til ógildingar ákvarðana sem þar voru teknar getur hins vegar ekki leitt til þess að stefndi hafi ekki getað boðað til nýs hluthafafundar 29. janúar 2020 og tekið þar ákvarðanir, en engir annmarkar voru á boðun þess fundar og fulltrúi stefnanda sótti fundinn. Hefur stefnandi því ekki lengur hagsmuni af því að ákvörðun hluthafafundar 14. október 2019 verði ógilt og er þeirri kröfu því hafnað.

Stefnandi byggir enn fremur á því að fella beri umrædda ákvörðun úr gildi á grundvelli 95. gr. a í lögum nr. 2/1995, sem fjallar um tiltekna samninga milli tengdra aðila og er ætlað að styrkja minnihlutavernd. Í 1. mgr. 95. gr. a er kveðið á um að samningur milli félagsins og hluthafa, móðurfélags hluthafa, stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra félagsins, sem nemur að raunvirði minnst  $\frac{1}{10}$  hlutafjárins á undirritunartíma samningsins, bindi eigi félagið nema að fengnu samþykki hluthafafundar. Frá þessari reglu eru þó gerðar undantekningar sem eru taldar upp í 1.-6. tölulið 1. mgr. Í 2. mgr. 95. gr. a segir svo að falli samningur undir þessa grein sé stjórn skylt að afla sérfræðiskýrslu skv. 6. gr., sbr. 6. gr. a – 6. gr. c og 7.–8. gr. Skýrslan skuli geyma yfirlýsingu þess efnis að samræmi sé milli greiðslu félagsins og þess endurgjalds sem félagið fær, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. Sérfræðiskýrslan skuli fylgja fundarboði til hluthafafundar og send hlutafélagaskrá. Samningar sem gerðir eru í andstöðu við fyrirmæli 95. gr. a eru ekki bindandi fyrir félagið og skulu greiðslur ganga til baka að því marki sem þær hafa verið inntar af hendi, sbr. 3. mgr. 95. gr. a.

Umræddir samningar falla undir reglu 95. gr. a í lögum nr. 2/1995 og aflaði stjórn stefnda sérfræðiskýrslu. Í ljósi þess sem áður segir um lögmæti fundarins 14. október 2019 og þar sem fram kemur í sérfræðiskýrslu 10. janúar 2020 að hún kemur í stað sérfræðiskýrslu 4. október 2019 hefur sú skýrsla ekki þýðingu í málinu.

Í sérfræðiskýrslunni 10. janúar 2020, sem unnin var af löggiltum endurskoðanda, sbr. 7. gr. laga nr. 2/1995, og lá til grundvallar ákvörðun hluthafafundar 29. janúar 2020, kemur fram yfirlýsing um að samræmi sé á milli ábyrgðarinnar sem stefndi veiti sem tryggingu fyrir greiðslu lánsins og virðis endurgjaldsins sem stefndi fái frá Benchmark Holdings plc., sbr. 6. gr. laga nr. 2/1995. Stefnandi hafi, sem hluti Benchmark Group, aðgang að mörkuðum og söludreifingu frá árinu 2015 sem teljist vera endurgjaldið sem stefndi fái fyrir að veita móðurfélagi sínu ábyrgð sem tryggingu fyrir greiðslu lánsins. Þá segir í skýrslunni að það sé mat hins löggilta endurskoðanda að þetta endurgjald samsvari virði tryggingar fyrir greiðslu lánsins sem hafi verið veitt Benchmark Holdings plc. Þannig kemur fram í fyrirliggjandi sérfræðiskýrslu að samræmi sé milli greiðslu félagsins og þess endurgjalds sem félagið fær, eins og áskilið er samkvæmt 2. mgr. 95. gr. a.

Skýrslan fylgdi með fundarboði. Fyrir dómi staðfesti hinn löggilti endurskoðandi að gagngjaldið væri aðgangur að söluneti Benchmark og að eðlilegt samræmi væri þarna á milli. Einnig kom fram að til grundvallar sérfræðiskýrslunni hafi legið fjöldi gagna og að endurskoðandinn hefði nýtt sér sérfræðing hjá KPMG í verðmati fyrirtækja. Eru engir annmarkar á fyrirliggjandi sérfræðiskýrslu sem geta leitt til þess að ákvörðun hluthafafundar 29. janúar 2020 verði ógilt og er ekkert komið fram í málinu sem hnekkir fyrirliggjandi mati löggilts endurskoðanda. Af þessu leiðir að ekki hefur verið sýnt fram á að um ótilhlýðilega ákvörðun hluthafafundar hafi verið að ræða, sbr. 95. gr. laga nr. 2/1995. Með vísan til alls framangreinds verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum er rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dóm þennan kveður upp Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari.

#### **Dómsorð:**

Stefndi, Stofnfiskur hf., er sýkn af kröfum stefnanda, L1076 ehf.

Málskostnaður fellur niður.

Sandra Baldvinsdóttir